



Vill stuðla að vinsamlegu samfélagi barna og starfsmanna. Vinsamlegt samfélag einkennist af lýðræðislegum vinnubrögðum og mannvirðingu. Einelti er ekki liðið, en ef það kemur upp er tekið skipulega á því í samræmi við eineltisáætlun viðkomandi stofnunar og stefnu borgarinnar.

Viðbrögð og vinnuferli starfsfólks Vættaskóla  
við samskiptavanda og einelti

## Ef grunur leikur á einelti fer eftirfarandi ferli í gang.

- Umsjónarkennari er ábyrgðaraðili og kannar málið með óformlegum hætti. Hann skoðar samskipti þolenda og meintra gerenda, er vakandi yfir því sem er að gerast í frímínútum og biður skólaliða og aðra kennara sem kenna bekknum að fylgjast sérstaklega vel með nemandanum. Einnig er gott að hafa samband við frístundaheimilin eða félagsmiðstöðina eftir því sem við á. Umsjónarkennari getur einnig lagt fyrir tengslakönnun í bekknum og vinnur að bættum samskiptum. Umsjónarkennari skráir vinnu og niðurstöður í ferilblað um viðbrögð og vinnuferli við samskiptavanda og einelti og hefur samband við foreldra þolanda.
- Umsjónarkennari aflar samþykkis foreldra þolenda fyrir áframhaldandi vinnu með málið í eineltisferli. Samþykkið þarf að vera skriflegt eða í gegnum tölvupóst. Þegar samþykki hefur borist, upplýsir umsjónarkennari eineltisteymi skólans um málið og tekin er ákvörðun um aðkomu þess. Formleg skráning hefst.
- Eineltisteymið setur fram áætlun um hvernig brugðist skuli við málinu í samstarfi við umsjónarkennara innan tveggja virkra daga. Haft skal samband við foreldra meintra gerenda og fundað með þeim og börnum þeirra. Mikilvægt er að hafa í huga að verið er að ræða ákveðna hegðun gerenda sem þarf að vinna með en ekki börnin sjálf. Markmiðið er að fá barnið til þess að sjá að hegðun þess er röng og breyta henni. Einnig er gott að sitt hvor aðilinn ræði við þolendur og gerendur. Sett er fram áætlun fyrir gerandann að breyta hegðun sinni til betri vegar og sér sá starfsmaður skólans sem ræddi við hann um að fylgja henni eftir.
- Umsjónarkennari og námsráðgjafi vinna að bættum samskiptum í bekknum.
- Í samráði við foreldra þolenda má hafa samband við aðila í frístundastarfi (Brosbær, Hvergiland, Dregyn, Íþróttafélög) og upplýsa.
- Könnun máls skal að jafnaði lokið innan viku frá því að málið berst til umsjónarkennara og formleg skráning hefst. Foreldrar eru upplýstir um það sem er í gangi.
- Hafi áætlunin ekki borið árangur innan tveggja vikna skal vísa málinu til nemendaverndarráðs og leita aðstoðar frá Miðgarði, skólasálfræðingi, unglingaráðgjafa eða kennsluráðgjafa sé talin þörf á því.
- Stjórnendur boða foreldra á fund og gera þeim grein fyrir alvarleika málsins. Dugi það ekki til taka starfsmenn Miðgarðs við málinu í samvinnu við skólann. Leysist málið ekki á því stigi er því vísað til Skóla- og frístundasviðs.





Niðurstöður óformlegrar könnunar:

---

---

---

---

---

**Afriti af þessu blaði skal skila til eineltisteymis um leið og tilkynning berst.**

**Ef grunur vaknar um samskiptavanda/einelti þá skal eftirfarandi ferli fylgt**

Ávallt skal bregðast samdægurs við og vinna eftir eineltisáætlun Vættaskóla

Góðar leiðbeiningar í 9. Kafla í handbók Olweusar

Umsjónarkennari hefur samsband við foreldra þolenda og fær samþykki fyrir áframhaldandi vinnu í málinu. Samþykkið þarf að vera skriflegt eða í gegnum tölvupóst.

- Samþykki foreldra, dags: \_\_\_\_\_

Vinsamlegast athugið að ef foreldrar vilja ekki að farið verið eftir okkar vinnuferli vegna samskiptavanda eða eineltis að fá þá undirritaða og dagsetta yfirlýsingu þeirra.

Byrjað er að kanna málið hjá bekkjarfélögum og starfsfólki. Talað er við (skrá nöfn og dagsetningar):

- 1 \_\_\_\_\_
- 2 \_\_\_\_\_
- 3 \_\_\_\_\_
- 4 \_\_\_\_\_
- 5 \_\_\_\_\_
- 6 \_\_\_\_\_
- 7 \_\_\_\_\_

### Vinnuferli í máli þolanda

Rætt við þolanda. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

---

---

---

---

---

---

---

---

Foreldrar þolanda eru upplýstir um gang mála. Símtal/samtal dags. \_\_\_\_\_

Dags. \_\_\_\_\_ Dags. \_\_\_\_\_

## Vinnuferli í máli geranda

Rætt við geranda/ur. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

Talað er við einn í einu **ekki hóp** ef margir eiga aðild að málinu.

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

---

Foreldrar geranda eru látnir vita um málið. Símtal/samtal dags. \_\_\_\_\_

Dags. \_\_\_\_\_ Dags. \_\_\_\_\_

Umsjónarkennari hefur samband við eineltisteymi og sett verður fram áætlun um hvernig brugðist skuli við:

---

---

---

---

---

---

---

Umsjónarkennari fylgist áfram með nemendum. Hann skoðar samskiptin og er vakandi yfir því sem er að gerast í kennslustundum, frímínútum og annarsstaðar þar sem nemendur koma saman í nafni skólans. Umsjónarkennari biður þá aðila innan skólans sem koma að bekknum um að fylgjast sérstaklega vel með nemendunum. Einnig er gott að hafa samband við frístundaheimilið eða félagsmiðstöðina eftir því sem við á. Umsjónarkennari getur leitað eftir aðstoð námsráðgjafa til að vinna að bættum samskiptum í bekknum.

## **Þegar um einelti er að ræða fer eftirfarandi vinnsla í gang**

### **Þolendur**

Einstaklingsviðtöl við þolanda/ur þar sem þeir fá stuðning og tryggt er að þeir láti vita ef eineltið heldur áfram. Skráið nafn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

---

---

---

---

---

Málin rædd við þolanda og hann hughreystur og upplýstur um þá vinnu sem fer í gang. Honum er jafnframt gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Vættaskóla og að hann hafi fullan stuðning starfsmanna skólans. Endurtekin viðtöl geta verið nauðsynleg. Þjóðið aðstoð námsráðgjafa/hjúkrunarfræðings.

Umsjónarkennari og námsráðgjafi funda með foreldrum og þolanda. Dags \_\_\_\_\_

Erfitt er að gefa forskrift að þessu viðtali. Hvert viðtal ræðst af eðli máls og aðstæðum. Ávallt þarf þó að gera foreldrum og þolanda grein fyrir því hvaða vinna hefur verið unnin og að einelti er ekki liðið í Vættaskóla. Mikilvægt er að styrkja sjálfsmynd nemandans í skóla og heima fyrir og forráðamenn hvattir til að taka þátt í þeirri vinnu.

Tiltekin eru þau stuðningsúrræði sem standa til boða eftir eðli málsins, s.s. námsráðgjafi, Baujan, skólasálfræðingur, Fardeild, Miðgarður og Skóla- og frístundasvið.

**Fundargerð er skráð og undirrituð af öllum fundarmönnum, fundargerð á að skila til eineltisteymis samdægurs. Eyðublað er á sameign.**

## Gerendur

Alvarleg viðtöl við gerendur þar sem þeim er skilyrðislaust gert að hætta eineltinu. Talað við einn í einu **ekki hóp**. Skráið nöfn, dagsetningu og helstu atriði viðtals.

---

---

---

---

---

Á þessum fyrsta fundi er geranda gerð grein fyrir því að einelti er ekki liðið í Vættaskóla. Honum er einnig gerð grein fyrir afleiðingum gjörða sinna og að haft verði samband við foreldra. Viðkomandi er tilkynnt að fylgst verði með hegðun hans og framkomu og þar verði allir starfsmenn skólans þátttakendur. Farið verður fram á að hann bæti ráð sitt, framkomu og hegðun.

Umsjónarkennari og skólastjórnandi funda með foreldrum og geranda. Dags \_\_\_\_\_



**Annan fund á að halda að viku liðinni** nema að starfsmenn skólans telji að funda þurfi fyrir vegna þess að gerandi breytir ekki hegðun né framkomu eða eitthvað annað málinu tengt komi upp, þá er haft samband heim strax. Leggja þarf áherslu á að geranda verður ekki refsað heldur verður honum hjálpað, við viljum að ákveðin hegðun hætti.

**Fundargerð er skráð og undirrituð af öllum fundarmönnum, fundargerð á að skila til eineltisteymis samdægurs. Eyðublað er á sameign undir Vættir – Vinsamlegt samfélag.**

Í framhaldinu eru m.a. haldnir bekkjarfundir um framkomu, samskipti og einelti og unnið markvisst að bættum samskiptum í bekknum.

Lögð fyrir /skoðuð tengsla- og eða könnun um líðan. Dags\_\_\_\_\_

Umsjónarkennari getur leitað eftir aðstoð námsráðgjafa til að vinna áfram að bættum samskiptum í bekknum.

Eftirfarandi vinna fór í gang með nemendum.

---

---

---

---

---

---

---

## Eftirfylgni, ekki seinna en eftir viku

### Verið í reglulegu sambandi áfram

Skráið viðtöl við þolanda, hvernig gengur.

---

---

---

---

---

Hafið samband við foreldra þolanda. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins. \_\_\_\_\_

---

---

---

Skráið viðtöl við geranda, hvernig gengur.

---

---

---

---

---

---

Hafið samband við foreldra. Skráið dagsetningu og helstu atriði samtalsins. \_\_\_\_\_

---

---

---

---

## **Ef eineltið hættir ekki**

Umsjónarkennari vísar máli skriflega til nemendaverndarráðs.

Umsjónarkennari boðar foreldra geranda/gerenda aftur til fundar og lætur vita að eineltið hafi ekki hætt og því sé málinu vísað áfram til nemendaverndarráðs. Skráir fundargerð sem fylgir með gögnum til eineltisteymis.

Þetta var gert dags \_\_\_\_\_

Kallar aftur til foreldra þolenda og lætur vita að eineltið hafi ekki hætt og því sé málinu vísað áfram til nemendaverndarráðs. Skráir fundargerð sem fylgir með gögnum til eineltisteymis.

Þetta var gert dags \_\_\_\_\_

**Málið er komið í hendur stjórnenda sem taka ákvörðun um framhaldið.**